

105 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð Hafnarfjarðar, 22. júní útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. júní 1960. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð Hafnarfjarðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður Hafnarfjarðar. Hann er stofnaður með frjálsum framlögum.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stofna og reka barnaheimili fyrir börn úr Hafnarfirði.

3. gr.

Sjóðnum skal afla tekna eftir því, sem með þarf, með frjálsum framlögum, samskotum og öðrum þeim fjáröflunarleiðum, er ákveðnar verða á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa alls 9 menn: Barnaverndarnefnd og framfærslunefnd skipa sinn fulltrúann hvor og jafnmarga til vara. Barnaverndarfélag Hafnarfjarðar, Kvenfélagið Hringurinn og Rauði kross Íslands — Hafnarfjarðardeild skipa tvo fulltrúa hvert og jafnmarga til vara. Barnaverndarfulltrúi skal skipa níunda sæti í stjórn sjóðsins.

Stjórnin skiptir með sér verkum og skipar málum sjóðsins um allt, sem ekki er ákveðið hér, en kemur til úrlausnar. Stjórnin ráðstafar eignum sjóðsins í samræmi við tilgang hans, ef starfsemin leggst niður.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild stjórnartíðinda.

Hafnarfirði, 1. apríl 1960.

Sigríður E. Sæland. Helgi Jónasson. Jóhann Þorsteinsson.
Ólafur Einarsson. Hjörleifur Gunnarsson. Þórunn Helgadóttir.
Ingibjörg Jónsdóttir. Solveig Eyjólfadóttir.